

37. fundur
Skólanefndar Tálknafjarðarhrepps
haldinn Miðtún1, Tálknafjörðu,
miðvikudaginn 4. mars 2009 og hófst hann kl. 17:00

Fundinn sátu:

Guðlaug Björgvinsdóttir (GB), Birna Benediktsdóttir (BB), Guðlaug Sigurrós Björnsdóttir (GSB), Ingólfur Kjartansson, Sigurlaug Guðmundsdóttir, Þórir G. Sigurðsson.

Fundargerð ritaði: Birna Benediktsdóttir

Dagskrá:

1. 0903002 - Bréf frá foreldrum nemenda í GT

Fyrir tekið bréf frá foreldrum í G.T. dagsett 26.02 2009. Ingólfur lagði fram bréf dagsett 2. mars sem er svar við bréfinu hér að ofan. Skólanefnd vildi taka það sérstaklega fram að bæði er hringlanda háttur á þessu máli og alveg ótækt að mál þetta komi fyrir nefndina. Málið er að mikið ósamkomulag er á milli kennara og foreldra vegna samlökugrills. Lagði nefndin fyrir skólastjóra þá tillögu að grillið góða færi alveg út og með því væri málið leyst. Fyrir nefndina var lagt stuðningsbréf við kennara frá foreldrum 1-4 bekkjar dagsett 2. mars 2009 þar sem kemur fram að hafa bara 1 dag í viku til samlökugerðar.

Ingólfur ætlar að senda kennarasambandinu og Samtökum heimilis og skóla bréf þar sem hann óskar eftir að fá þeirra álit á þessu ágreiningsefni meðfylgjandi bréfunum eru bréf frá foreldrum nemenda G.T. , bréf frá starfsmanni G.T. og svarbréf skólastjóra til foreldra nemenda. Þórir sagði að kennarafundur hefði verið haldin 3. mars og honum fannst að þar hefði komið fram stuðningur við starfsmann G.T. í þessu máli.

Ingólfur sendir formanni skólanefndar bréfið þegar það koma svör frá þeim.

Fyrir tekið bréf frá foreldra nemenda dagsett 17.02 2009 þar sem koma frá áhyggjur vegna sýningar á bannaðri mynd. Nemandinn er undir því aldurstakmarki sem myndin er flokkuð í. Einnig kemur fram í bréfinu og þetta sé í þriðja skiptið sem hún kvartar undan þessum myndasýningum í skólanum þar sem aldurstakmörkin voru ekki virt. Svarbréf frá skólastjóra dagsett 4/3 2009

2. 0903004 - Bréf frá starfsmanni GT

Bréf frá starfsmanni dags. 10.02.2009 bréfið merkt: Brottrestur úr starfi sem leiðbeinandi við G.T. Ingólfur lagði fram bréf og óskaði eftir að það yrði bókað í fundargerð. Bréfið er dagsett 10. febrúar 2009. Guðlaug minnti Ingólf á að það hefði verið vitað að það lægi fyrir að ráða kennara um áramót. En vegna athugunarleysis skólastjóra dagsetti hann vinnuskýrslu út skólaárið þannig að það þarf að segja viðkomandi upp með þriggja mánaða fyrirvara. Skólanefnd lagði til að máli þessu verði vísa til hreppsnefndar. Samþykkt samhljóða.

3. 0903006 - Menntamálaráðuneytið. Dags. samræmdra prófa

Lagt fram til kynningar

4. 0903007 - Sakavottorð starfsmanna GT og LV

Sakavottorð starfsmanna G.T. og L.V. Guðlaug hafði samband við Samband íslenskra sveitafélaga og var henni sagt að lög þessi væru síðan 1/8 2008 og vinnureglan væri sú að kalla eftir sakavottorðum eftir gildistöku laganna og þá frá því starfsfólki sem hefði verið ráðið inn eftir þann tíma.

5. 0903005 - Greinagerð vegna stuðningsúrræða

Lagt fram til kynningar.

6. 0903008 - Önnur mál

Ingólfur upplýsti nefndina að hann sé búinn að senda umsókn til hreppsnefndar þar sem hann óskar eftir að fá námsleyfi til eins árs. Kom til umræðu skipting íþróttakennslunnar og einnig hvað margir nemendur í 10. bekk þyrftu stuðning inn í bekk. Ingólfur upplýsti nefndina að það væri 1 nemandi sem þyrfti þessa aðstoð. Ingólfur fræddi fundarmenn um stöðuna á samstarfi á milli Tálknafjarðar og Joensum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18.42

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____